



Kópavogi, 30. mars 2023  
23031131/004.01 ÁAK

Efni: Umsögn Kópavogsbæjar vegna endurskoðunar á lögum um jöfnunarsjóð sveitarfélaga (mál 64/2023)

Þann 10. mars 2023 birtist í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, byggð á niðurstöðu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs.

Um leið og Kópavogsbær styður endurskoðun á reglum um Jöfnunarsjóð sem meðal annars miðað því að gera kerfið gagnsærra og bæta gæði jöfnunar verður sveitarfélagið að gera alvarlegar athugasemdir við að í frumvarpsdrögum er lagt til að nýti sveitarfélag ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útvarstekjum. Slíkt fyrirkomulag samræmist ekki ákvæði 78. gr. Stjórnarskrár Íslands sem kveður á um sjálfræði sveitarfélaga og rétt þeirra til að ákveða hvort og hvernig tekjustofnar þeirra skulu nýttir.

Bæjarráð Kópavogs fjallaði um frumvarpsdrögin á fundi sínum þann 23. mars sl. Í kjölfar kynningar var lögð fram eftirfarandi bókun frá meirihluta bæjarráðs:

*„Mikilvægt er að benda á stjórnarskrárvarinn rétt sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum. Með þessum tillögum er verið að leggja til pólitíska einstefnu að sveitarfélög eigi að hækka útsvarsprósentur bæjarbúa í botn. Ef þessi tillaga verður að veruleika þá er verið að skapa ranga hvata og hindra að sveitarfélög geti skilað ávinningi af góðum rekstri til bæjarbúa.“*

Kópavogsbær gerir jafnframt athugasemd við fyrirhugað framlag til sveitarfélaga með sérstakt höfuðstaðarálag. Í frumvarpsdrögum kemur fram að höfuðstaðarálag sé réttlæt看legt þar sem höfuðstaðir sinni þjónustu sem önnur sveitarfélög sinni í minna mæli eða sinni ekki. Er þjónusta við heimilislausa nefnt sem dæmi. Kópavogsbær bendir á að á Höfuðborgarsvæðinu eru línur ekki skýrar og skilgreina má svæðið sem eitt búsetu og atvinnusvæði. Í frumvarpinu eru ekki tilgreind sérstök viðmið eða skilyrði sem sveitarfélag þarf að uppfylla til að eiga rétt á slíku framlagi. Að mati Kópavogsbæjar þarf að skilgreina sérstaklega hvaða geti réttlætt að eitt sveitarfélag fái slíkt framlag umfram önnur sveitarfélög á sama landsvæði sem einnig veita viðamikla og margþætta félagslega þjónustu. Slíkt á ekki að vera háð huglægu mat.

Kópavogsbær mótmælir því að frumvarpið farið óbreytt til þingsins og óskar eftir því að tekið sé tillit til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,

  
bæjarlögmaður Kópavogs